

Vegagerðin  
Kristján Kristjánsson  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
12. jan. 2011 10.5.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. janúar 2011  
Tilvísun: UST20110100055/bs

### Hringvegur: Hveragerði - Hamragilsvegur: Könnun á matsskyldu breytinga. Umsögn


Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 6. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd sem felur í sér að aflagður kafli Suðurlandsvegur verður fjarlægður sem og kaflar núverandi tengivegar frá Hamragilsvegi að Skíðaskálanum sem nýtast ekki þegar endurbyggingu vegarins verður lokið.


Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að aflagðir vegkaflar verði fjarlægðir þar sem ekki er not fyrir þessi mannvirki. Í því tilfalli sem hér um ræðir hefur stofnunin lagt til að efni af vegsvæðinu verði nýtt og gengið verði frá svæðinu þannig að eftir standi úfið yfirborð sem með tímanum félli betur að óröskuðu landi. Einnig minnkar efnistaka úr námum sem nemur því efni sem nýtist með þessum hætti.

Umhverfisstofnun telur að ásýnd svæða í næsta nágrennis Suðurlandsvegur batni ef aflögð mannvirki verða fjarlægð, gengið verði frá gömlum námum og land fellt að nánasta umhverfi eins og kostur er.

Stofnunin telur að breyting á framkvæmdum við Suðurlandsveg sem felur í sér að umræddir vegakaflar verði fjarlægðir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun